

Borgarráð 16. janúar 2025: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun á eineltisstefnu í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki að beina því til skóla- og frístundaráðs að hefja endurskoðun á eineltisstefnu og viðbrögðum grunnskóla Reykjavíkurborgar við einelti og öðru ofbeldi. Í endurskoðuninni skal huga að því að tímabært er að auka eftirlit utan skólastofunnar í grunnskólum borgarinnar, svo sem á göngum, salernum og jafnvel einnig í útiveru.

Greinargerð

Ítrekað hafa komið upp atvik þar sem börn hafa orðið fyrir aðkasti, áreitni, áreitni og jafnvel grófu ofbeldi t.d. inn á salernum skóla borgarinnar. Þetta hefur borgarfulltrúi Flokks fólksins fengið upplýsingar um. Skólar borgarinnar þurfa aukinn stuðning frá borgaryfirvöldum til að takast á við vaxandi ofbeldi innan sumra skóla borgarinnar. Spyrna þarf fótum við þessari vá hið snarasta. Kalla þarf eftir upplýsingum frá foreldum og samvinnu við foreldrasamfélagið um þessi mál, þróun og lausnir.